

2. apríl 1987

275

Nr. 145

REGLUR

um skráningu torfærutækja.

1. gr.

Torfærutæki telst samkvæmt reglum þessum vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

2. gr.

Torfærutæki skal skrá eftir sömu reglum og beltabífhjól.

3. gr.

Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

Eigi má flytja farþega á torfærutæki eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

4. gr.

Í skráningarskírteini fyrir torfærutæki skal skrá athugasemd um takmörkun á notkun þess samkvæmt reglum þessum.

5. gr.

Um ökuréttindi til að stýra torfærutæki gilda sömu reglur og um beltabífhjól.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976, öðlast gildi 7. apríl 1987.

Til 30. apríl 1987 er heimilt að nota án skráningar torfærutæki sem tekið hefur verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. apríl 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.